

Góðan daginn Hafnarstjórn

Smábátafélagið Hrollaugur á Höfn óskar eftir upplýsingum varðandi rafmagn á smábátabryggjum. Einnig ítrekar smábátafélagið þá þörf að rafmagnsgjöfum á smábátabryggjum verði komið í viðunandi horf sem allra allra first. Sjá fundargerð 222 frá fundi Hafnarstjórnar 09/12/2019.

Spurningar okkar eru þessar.

1. Hvert er innkaupaverð sveitarfélagsins á því rafmagn sem það selur út á smábátabryggjunum á Höfn . Kw stund verð?
2. Hvert er söluverð á sömu Kw stund af rafmagn frá smábátabryggjum á Höfn til notenda (Smábáta).
3. Hversu mikil álagning er á rafmagn sem selt er smábátasjómonnum af smábátabryggjum miðað við innkaupaverð sveitarfélagsins á rafmagn í prósentum talið.
4. Þegar reikningar eru sendir fyrir áætlaða notkun á rafmagn á smábátabryggjum á Höfn til notenda rafmangs er þá reiknað inn í áætlunina allir þeir dagar sem rafmagnið er útslegið á bryggjunum og þeir dregnir frá áætluninni eða er reiknað með að rafmagn sé á þeim bátum sem eru á áætlun alla daga. ( Sem það er alls ekki) Við hvað er miðað í þessari rafmagnsnotkunaráætlunargerð?

Einnig óskum við í smábátafélaginu Hrollaugi eftir því að haft verði samráð við smábátasjómenn varðandi útfærslur á fyrirhuguðum færslum á olúbryggjum við smábátabryggjur á Höfn sem okkur skilst að til standi að færa. Smábátasjómenn eru notendur þessara olúbryggja og samráð skilar yfirleitt farsælustu og notendavænustu lausnini fyrir alla aðila.

Fyrir hönd smábátafélagsins Hrollaugis á Höfn

Vigfús Ásbjörnsson Formaður